



Fjölskyldusvið

Húnaþings vestra

Hvammstangabraut 5 530 Hvammstanga

Sími 455-2400 Fax 4552409

Dagsetning \_\_\_\_\_

### Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá

Í reglugerð nr. 652/2004 segir í II. kafla, 3. gr.: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndarnefndum eða fela að veita þjónustu samkvæmt þessari reglugerð aðila sem hlotið hefur refsídóm vegna brota á ákvæðum XXXII. kafla almennra hegningarlaga, þegar brot hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.“

Undirrituð/undirritaður umsækjandi um starf hjá fjölskyldusviði, veitir sviðsstjóra fjölskyldisviðs heimild til að afla um sig upplýsinga úr sakaskrá varðandi eftirtalda brotaflokkka:

1. Kynferðisbrot skv. 22. kafla almennra hegningarlaga (engin tímatakörk).
2. Önnur ofbeldisbrot skv. 23. og 24. kafla almennra hegningarlaga, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.
3. Brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, þ.e. refsíðoma síðustu 5 ár en síðustu 3 ár varðandi aðrar niðurstöður mála.

Heimild þessi er veitt af fúsum og frjálsum vilja í því skyni að uppfylla lagaskilyrði fyrir ráðningu í starf með börnum í Húnaþingi vestra.

Undirskrift og kennitala umsækjanda

Megintilgangurinn með upplýsingaöflun þessari úr sakaskrá er að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Ráðning er óheimil ef sú er raunin. Jafnframt er tilgangurinn sá að staðreyna hvort viðkomandi hafi verið fundinn sekur um aðra refsiverða háttsemi af því tagi að hann/hún telst ekki verður eða hæfur til að gegna því starfi sem um ræðir. Við það mat er litið til þess hvenær brot var framið, eðli þess og alvarleika.

Þær upplýsingar sem hér um ræðir teljast til „viðkvæmra persónuupplýsinga“ í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og fellur söfnun þeirra, notkun og önnur vinnsla almennt undir gildissvið laganna. Ábyrgðaraðila/sveitarfélagi er skylt skv. 11. gr. laganna að gera viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þessar, þar á meðal gegn óleyfilegum aðgangi. Viðkomandi á m.a. rétt á að fá vitneskju um þær ráðstafanir sem gerðar eru í þessum efnum sem og hvaða upplýsingar hafa borist um hann og efni þeirra, sbr. 18. gr. laganna.

Um sakaskrá ríkisins gildir reglugerð nr. 569/1999 með síðari breytingum (reglugerðir nr. 451/2007 og 716/2007). Ákvæði um færslu upplýsinga í sakaskrá eru í II. kafla reglugerðarinnar. Þar segir í 3. gr:

„Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

- a) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.
- b) Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, nema umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærrí.
- c) Lögreglustjórásátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.
- d) Dómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórásátt í máli vegna brots á umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar sekt er hærrí en 100.000 krónur eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.
- e) Sektargerð lögreglustjóra eða tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærrí eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.
- f) Ákærufrestun.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot.

Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningarlaga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.“



**Fjölskyldusvið**  
**Húnaþings vestra**  
Hvammstangabraut 5 530 Hvammstanga  
Sími 455-2400 Fax 4552409

## **Þagnarskylda**

**Þagnarskylda hvílir á öllum starfsmönnum og verktökum hjá**  
**FJÖLSKYLDUSVIÐI HÚNAÞINGS VESTRA**

Starfsfólk, stuðningsfjölskyldur, fósturfjölskyldur og verktakar Fjölskyldusviðs Húnaþings vestra skulu rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Það skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt.

**Þagnarskylda helst þó barn eða aðstandandi andist**  
**og þó starfsmaður láti af störfum.**

### **VARÐANDI ÞAGNARSKYLDU**

**Tilvitnun úr 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, segir svo:**

*„Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts vinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að þremur árum“.*

**Undirrituð/aður hefur lesið og skilið ofangreint og heitir því að gæta fullrar þagmælsku um öll atriði er varða skjólstæðinga Fjölskyldusviðs Húnaþings vestra.**

**Ég heiti því að virða þagnarskylduna í hvívetna.**

**Hvammstanga**

**dags: \_\_\_\_\_ ár: \_\_\_\_\_**

**Undirskrift: \_\_\_\_\_**